

HORFIN BÝLI OG HULDAR VÆTTIR Í SNÆFJALLA- OG GRUNNAVÍKUR- HREPPUM HINUM FORNU

Ólafur J. Engilbertsson tók saman

2. útgáfa 2019



Horfin býli og huldar vættir í Snæfjalla- og Grunnavíkurbreppum hinum fornu

Í Snæfjallahreppi og Grunnavíkurbreppi hafa orðið mikil umskipti síðastliðin hundrað ár. Um aldamótin 1900 var mannlíf í miklum blóma á þessu svæði og íbúafjöldinn umtalsverður á landsmælikvarða. Íbúum hafði fjölgað jafnt og þétt öldum saman. Árið 1703 voru 8 býli í byggð á Snæfjallaströnd með samtals 147 íbúum, þar af 5 ómögum. 1801 voru býlin jafnmörg, en íbúum hafði fækkað niður í 130. Í flestum tilvikum var tví- eða þrúbýli og á einum stað, Unaðsdal, var fjórúbýli, svo bæirnir voru í reynd 20. Íbúafjöldinn á Snæfjallaströnd fór eftir það ört hækkandi og voru þar yfir 300 manns um aldamótin 1900, þegar árabátaútgerð var í hvað mestum blóma. Árið 1910 var íbúafjöldinn hinsvegar kominn niður í 223 og um 1930 var 21 bær í byggð í Snæfjallahreppi með um 150 íbúa. Á þessum árum og fram eftir 4. áratugnum fór fólki svo ört fækkandi og fjölskyldur fluttu í burtu, einkum af ytri Ströndinni. Gamlar kostjarðir fóru þá í fyrsta sinn í eyði og á byggðasögusýningunni í Dalbæ er lögð áhersla á að bregða ljósi á hvernig umhorfs var um og eftir 1930 þegar hinar miklu umbreytingar urðu og ásýnd Strandarinnar breyttist.

Á ytri Ströndinni í landi Sandeyrar og Snæfjallastaðar var talsverð þurabúðabyggð um aldamótin 1900. Þegar mest var bjuggu þar fjórtán fjölskyldur í litlum kotum með lítið undirlendi, en gjöful fiskimið skammt undan landi. Kristján Jónsson frá Garðsstöðum ritaði ítarlega um búendur og bátaformenn þar árið 1901 í Ársrit Sögufélags Ísfirðinga. Í Grunnavík var uppgangur í útgerð eftir aldamótin og fram yfir 1950.

Þorvaldur Thoroddsen segir í Ferðabók sinni rétt fyrir aldamótin 1900 að kotahverfi sé niður við sjóinn í Grunnavík. Um 80 manns eru þá taldir eiga þar heimili. Jóhann Hjaltason skrifar 1949 að þarna sé snotur byggð og að bæirnir standi þar þétt. Byggðin var þá kölluð Í Víkinni og voru íbúarnir enn um 70. Ljóst er að þarna var vísir að þéttbýliskjarna sem hvarf nánast eins og döggi fyrir sólu á rúmum áratug. Byggð hélst áfram í blóma á innri Snæfjallaströnd, þó býlum fækkaði. Með samgöngubótum og Inn-Djúpsáætlun var að reynt að sporna gegn því að byggðin legðist í eyði, líkt og raunin varð á með Grunnavík haustið 1962. Þróunin varð þó

ekki umflúin og síðasti bóndinn hvarf af Ströndinni haustið 1995. Síðan hefur einungis verið fólk þar á sumrum, líkt og í Grunnavík og á Höfðaströnd, utan fólks við veðurathuganir og vitavörslu í Æðey.

Á sýningunni er greint frá fjörbrotum byggðarinnar á þessu svæði, afrekum fólksins og átrúnaði. Í *Hornstrendingabók* segir Þórleifur Bjarnason að í feiknlegu umhverfi hafi viðureign við forynjur og drauga og varnargaldurinn gegn þeim verið tilraunir útnesjabúa til upphafningar og jafnframt sterkasti þátturinn í sögnum fólksins og ævintýrum. Þórleifur bætir við að í sigrum kunnáttumanna á óræðum öflum hafi menn fundið styrk og upphafningu. Á sýningunni má heyra og lesa draugasögur og huldufólkssögur af þessu svæði, sem úir og grúir af. Þegar leiðin er þrædd frá Kaldalóni út Snæfjallaströnd, um Grunnavík og Höfðaströnd og til baka yfir Dalsheiði að Unaðsdal verður ljóst að á þessu svæði er saga mikilla umskipta og átaka sem nauðsyn ber til að minna á. Hér er að miklu leyti stuðst við frásögn Engilberts Ingvarssonar í bókinni *Hibýli og húsbændur á Snæfjallaströnd 1930-1935*, sem og bækur Guðrúnar Ásu Grímsdóttur, *Grunnvíkingabók* og *Ystu strandir norðan Djúps*. Myndir úr Grunnavíkurbreytti tók Hjálmar R Bárðarson 1939.



1. Lónseyri

Í Hávarðar sögu Ísfirðings segir frá því er Þorbjörn Þjóðreksson vegur Ólaf Hávarðsson á Lónseyri. Þá hvarf Sigríður bústýra Þorbjarnar og heitkona Ólafs og spunnust ýmsar sögur um hana sem tengjast Kaldalóni.

Í manntalinu 1703 eru taldir 11 til heimilis á Lónseyri í Kaldalóni. Meðal þeirra sem skráðir eru til heimilis á Lónseyri árið 1703 er Margrét Þórðardóttir, ekkja séra Tómasar Þórðarsonar, Snæfjallaklerks, er kölluð var Galdra-Manga og Möngufoss utar á Ströndinni er kenndur við. Margrét var af vottum svarin saklaus af göldrum á Alþingi árið 1662.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem lokið er við 1709, er sagt: "Þessi jörð hefur legið í auðn síðan bóluna" Og: "Þessa jörð brúkar nú enginn nje hefur brúkað í næstu 2 ár." Ljóst er því að stóra-bóla hefur grandað heimilisfólki á Lónseyri og lagt jörðina í eyði í upphafi 18.aldar. Í landi Lónseyrar, innar í Kaldalóni, er fornt eyðiból er kallast Lónhóll. Þar hafa Lónseyrarbændur haft grasnytjar.

Guðmundur Engilbertsson og Sigríður Jensdóttir bjuggu á Lónseyri upp úr 1930. Þá var byggt á Lónseyri steinhús með kjallara, hæð og risi og bárujárnsþaki. Jens, sonur þeirra sem kenndi sig við Kaldalón, tók um það leyti við búsforráðum og stóð fyrir því að byggja steinhúsið sem enn stendur. Lónseyri fór í eyði 1950 þegar Jens og Guðmunda Helgadóttir fluttu í Hærribæ í Bæjum. Steinhúsið á Lónseyri hefur nú verið gert upp.

Bjarni Guðmundsson frá Lónseyri hefur sagt frá því er tröllskessa ásótti sláttumenn á Lónseyri um eða fyrir miðja 19. öld. Skessan var í skinnstakk og með trog undir hendinni. Hún staðnæmdist er hún sá sláttumennina, en þreif svo tvo hrúta og slengdi þeim yfir öxl sér. Sögn er til um helli í Háafelli og annan í Votubjörgum þar sem fnyk lagði út og talið var að tröllskessan byggji.



2. Bæir

Í Bæjum var bænhús til forna. 1703 er þar tvíbýli og skráðir 23 heimilismenn. 1801 eru bæirnir orðnir þrír og íbúar 20. Uppúr 1930 bjuggu í Hærribænum Sigurður Ólafsson og María Ólafsdóttir. Sigurður var mikill söngmaður og hafði mjög sterka tenórrödd, var lengi forsöngvari í Dalskirkju. Synir hans spiluðu allir á harmonikkur, nema þeir sem voru örvhentir. Þarna var torfbær með tveimur burstum. Þegar komið var inn var brunnhús til vinstri. Þar rann bæjarlækurinn í gegn og innangengt var þaðan í fjósið.

Gamli bærinn í Hærribæ var rifinn 1939 og byggði Sigurður steinhús á sama stað. Búið var í fjárhúsum (Berghúsum) um sumarið sem húsið var byggt. Þetta hús var svo jafnað við jörðu árið 2000. Jens Guðmundsson og Guðmun-da Helgadóttir voru síðustu ábúendur í Hærribæ, fluttu þaðan 1990.

Efst í Bæjatúninu er svonefnt Hólhús. Þar var áður torfbær sem Kolbeinn Jakobsson bjó í um tíu ára skeið, eftir að hann seldi Unaðsdal, með ráðskonu sinni sem Fríða var kölluð. Kolbeinn skrifaði árið 1893 minnisblöð um atburði sem tengdust Bæjadraugnum og var því einn helsti heimildamaðurinn um þá sögu. Arngrímur Fr. Bjarnason birti frásögn Kolbeins um Bæjadrauginn í Vestfirzrum þjóðsögum. Áður höfðu Þórbergur Þórðarson og Sigurður Nordal leitað til samtíðarmanna með frásögn af draugnum og birt í Gráskinnu. Jóhann Hjaltason, kennari, keypti Hólhúsið 1935 og byggði fljótlega nýtt steinhús sem enn stendur (2002). Húsið var teiknað af Þóri Baldvinssyni og er í fúnkísstíl.

Tildrög Bæjadraugsins voru þau í stuttu máli að Rósinkar Pálmason, 17 ára unglingur, lést þann 5. febrúar 1894 í Neðribæ á Bæjum eftir rúmlega tveggja mánaða þjáningar. Talið var að banamein hans hafi verið ofsóknir draugs sem nefndur hefur verið Bæjadraugurinn. Draugnum var lýst svo að hann væri svo háll viðkomu að ekki væri viðlit að ná neinu taki á honum. Saga spannst um að draugurinn væri afturgenginn bátsverji á sama bát og Rósinkar var á vorið 1893 og gerður var út frá Gullhúsám. Þessi skipsfélagi Rósinkars átti þá í heitingum við hann eftir tap í slagsmálum, en druknaði svo í desember er bátur fórst í Jökulfjörðum. Ein útgáfa sögunnar var sú að draugurinn væri í selsham, því sjórekinn selur átti að hafa fundist skammt frá sjóreknunni líki bátsverjans. Börnum var fyrirskipað að hnýta ekki trefla sína heldur hafa þá krosslagða um hálsinn af ótta við að draugurinn rykkti í trefilendann, líkt og hann mun hafa gert við Rósinkar. Eftir dauða Rósinkars mun félagi hans, Benedikt Brynjólfsson, hafa manað upp óvættina og orðið fyrir svipaðri ásókn. Var draugurinn þá kallaður Bensadraugur.

Árið 1930 fengu þáverandi ábúendur í Neðribæ, Halldór Halldórsson og Þorbjörg Brynjólfsdóttir, Ingvar Ásgeirsson frá Unaðsdal, síðar á Lyngholti, til að byggja nýtt hús úr timbri að Neðribæ. Húsið var kjallari og tvær hæðir, efri hæðin undir súð með þremur kvistum. Hlaða var utan til við húsið og því engir gluggar þeim megin. Póstafgreiðsla var hjá Halldóri í Neðribænum. Hús þetta var rífið 1967 þegar byggt hafði verið nýtt steinhús. Páll Jóhannesson og Anna Magnúsdóttir voru síðustu ábúendur í Neðri-Bæ og jafnframt á Snæfjallaströnd, sem fór í eyði haustið 1995.

Björnshúsið í Bæjum, stundum kallað Bensahús, var á barðinu rétt neðan við hliðið á heimreiðinni í Hærribæinn. Benedikt Ásgeirsson og Fanney Gunnlaugsdóttir áttu heima í Björnshúsi, en fluttu til Bolungavíkur 1941. Engilbert Ingvarsson man eftir skemmtun í Björnshúsi snemma á fjórða áratugnum. Þá var gert op á þilið og leikþáttur var sýndur í eldhúsinu, síðan var harmonikkuball á eftir. Fimmíti bærinn í Bæjum, Karvelshús, var á neðri hjallanum, aðeins utar. Þetta hús var fallið fyrir 1930, en nú er þar minnismerki um Karvel Pálmason og Rósinkrönsu Jónsdóttur, konu hans.

Á Bæjahlíð, skammt innan Bæja rétt við veginn, er stór steinn sem talinn er landdísarsteinn. Ákveðið var að hrófla ekki við honum við lagningu vegarins.



3. Ásgarður/ Dalbær

Í landi Bæja reisti ungmennafélagið samkomuhúsið Ásgarð sem var vígt árið 1940. Húsið var byggt úr rekavið af Ströndum. Nú, árið 2002, stendur aðeins strompurinn eftir, en nýtt samkomuhús var reist við hliðina árið 1973 og nefnt Dalbær.

4. Lyngholt

Ingvar Ásgeirsson byggði nýbýlið Lyngholt í landi Bæja árið 1935 og fluttu þau Salbjörg Jóhannsdóttir, ljósmóðir, þangað fjórða janúar 1936. Stofan á Lyngholti var leigð af hreppnum til kennslu frá 1936 til 1947. Kennari var Jóhann Hjaltason, en Salbjörg kenndi handavinnu auk þess að vera ljósmóðir á allri Ströndinni. Salbjörg bjó lengi ein á Lyngholti og flutti þaðan háöldruð 1988. Hestagata lá inn bakkana fyrir neðan Lyngholt, þar var kölluð Pétursmýri í þá daga. Gatan var hreinsuð á vorin, verkfærir karlmenn af bæjunum komu með skóflur og tóku svona 10 metra færur hver fram fyrir annan, mokuðu burt steinum og lagfærðu hestagötuna. Gatan lá inn bakkana fyrir ofan Gilsvík og síðan inn melana þar sem nú er flugvöllurinn. Fyrir innan Bæi lá gatan inn bakkana inn að Búðarnesi, en síðan mest með sjónum.



5. Sundlaug Ungmennafélagsins Ísafoldar

Ungmennafélagið Ísafold stóð fyrir ýmsum framkvæmdum á innri Ströndinni á fjórða áratugnum, m.a. byggingu sundlaugar inni á Dal, nálægt Heimstafelli. Laugin var hlaðin og tréstockur til frárennslis. Búningsklefar voru hinsvegar steiptir og eru leifar þeirra enn uppistandandi. Þegar farið er fram að laug Dalsmegin þarf að fara yfir tvær ár, Þverá og Rjúkandi. En ef farið er frameftir Bæjamegin er varla nema um eitt vað að ræða á Dalsá í Fremri-Krókum nokkru fyrir neðan Gunnarsvörðufossinn. Sundnámskeið voru haldin við sundlaugina a.m.k 4 eða 5 sumur og voru alltaf um 10-20 manns á þessum sundnámskeiðum, mest krakkar 8-16 ára, en einnig eldri unglingar og jafnvel fullorðið fólk. Þeir sem kenndu þarna voru Kristján Júlíusson frá Bolungarvík, Engilbert Guðmundsson á Lónseyri, Tryggvi Halldórsson í Neðribæ og Arnþrúður Sigurðardóttir í Hæribæ. Nemendurnir voru til skiptis í lauginni stuttan tíma í einu, vegna þess hvað hún var köld, en fóru oft á dag og hlupu í leikjum á milli til að fá í sig hita.

6. Unaðsdalur

Í Unaðsdal hefur verið býli frá fornu fari. Þar var, samkvæmt *Landnámu*, bústaður landnámsmannsins Ólafs jafnakolls, sem nam allt land við norðanvert Djúp frá Langadalsá að Sandeyrará. Kirkja hefur verið í Unaðsdal síðan 1867 er hún var flutt frá Snæfjöllum. Hún stóð áður ofar í túninu, en 1897 var byggð sú kirkja sem enn stendur við ósa Dalsár. Árið 1703 er skráður 21 til heimilis í Unaðsdal. Vatnsfjarðarstaður á þá helm-ing jarðarinnar. Helmingur hennar, bóndaeignin, hefur þá legið í eyði frá því bólan gekk. Árið 1801 eru heimilisfastir 20 á fjórum býlum í Unaðsdal. Kolbeinn Jakobsson, orðlögð aflakló, bjó í Unaðsdal lengi í byrjun 20. aldar, en bjó síðustu æviár sín í Hólhúsinu í Bæjum.

Helgi Guðmundsson og Guðrún Ólafsdóttir bjuggu í Unaðsdal um og upp úr 1930. Helgi byggði þar hús fljótlega eftir að hann keypti jörðina 1924. Þetta hús stendur að hluta enn, árið 2006, og er hornið á stórrí hlöðu, sem reist var um 1960 þegar Kjartan Helgason og Stefanía Ingólfisdóttir byggðu nýtt steinhús. Þau hættu búskap 1994 og fluttu í Mosfellsbæ. Helgi Guðmundsson í Unaðsdal smíðaði bát um eða rétt fyrir 1930. Hann var smíðaður á hlaðinu í skjóli við húsgaflinn. Í bátinn var sett Sleipnisvél, gekk hún fyrir bensíni. Báturinn var kallaður Uni og var honum róið frá Dalsjónum í fjölda ára. Helgi þurfti oft að flytja Salbjörgu Jóhannsdóttur, ljósmóður á Lyngholti, út á strönd og var jafnan tiltækur í slíkar ferðir, sem stundum þurfti að fara í misjöfnu veðri.

Gamli neðri bærinn í Unaðsdal stóð innundir brekkuröndinni inn af núverandi íbúðarhúsi. Þar sáust vegghleðslurnar á fjórða áratugnum, en timbur var horfið úr tóftunum. Svokölluð "lögrétta", forn hringlaga hleðsla sem mótaði vel fyrir og hafði innri vegg á smáparti, stóð nálægt 30 metrum ofar ytra horninu á kirkjugarðinum. Þvermálið var um 12-15 metrar. Engilbert Ingvarsson man eftir leikjum í "lögréttunni", Þarna var allt sléttað, því túnið var mjög þýft. Sigurborg Helgadóttir frá Unaðsdal segir föður sinn hafa úbúið sérstakt verkfæri til að koma fyrir grjóti og að grjóthringur lögréttunnar hafi verið settur undir græna torfu, en hann megi finna aftur.

Í gamla bænum í Unaðsdal bjuggu fram í ársbyrjun 1936 Ingvar Ásgeirsson og Salbjörg Jóhannsdóttir, einnig Guðmundur Jónsson og Guðný Guðmundsdóttir. Guðmundur var faðir Helga í Dal. Guðný var dóttir Guðmundar Pálmasonar frá Bæjum. Þau hjónin töluðu að sögn Engilberts Ingvarssonar fornt vestfirskt mál og sögðu "hefði", "nordan", "sagdi" og einnig "dinn" fyrir þinn. Bærinn stóð nálægt brekkuröndinni, dágóðan spöl frá neðri bænum, og sést móta fyrir bæjarhólnum ennþá. Bærinn var nokkuð reisulegur torfbær, tvær bæjarburstir og inngangur í framhýsi við hliðina að utanverðu. Innangengt var í peningshús, en þau voru öll fallin niður fyrir 1930.

Í Unaðsdal var talsverð mótekja fram undir miðja síðustu öld. Í Jarðabókinni er þar talinn móskurður til eldiviðar nægur. Á sjávarkambinum fyrir neðan Unaðsdal var á þriðja og fjórða áratugnum skúr sem Kolbeinn Jakobsson gaf ungmennafélaginu Ísafold og voru þar færðir upp leikþættir, dansað og sungið. Ingvar Ásgeirsson innréttaði skúrinn, en hann brann á fjórða áratugnum. Samkomuhúsið Ásgarður var reist nokkru síðar og kom þangað um árabíl fólk víða að á dansleiki, m.a. gangandi úr Jökulfjörðum.

Árið 1965 var Mýrará, á milli Unaðsdals og Tyrðilmýrar, virkjuð á vegum Rafveitu Snæfjalla, sem er að líkindum minnsta rafveita landsins. Þá má segja að nútímavæðingin hafi fyrir alvöru hafið innreið sína í hreppinn.



7. Tyrðilmýri

Á jörðinni Tyrðilmýri, sem var nefnd Dyrðilmýri í manntalinu 1845, voru níu skráðir til heimilis árið 1703. Eigendur árið 1703 eru þeir bræður Sr. Gísli Hannesson á Snæfjöllum og Benedikt Hannesson á Hóli í Bolungarvík. Þeir bræður áttu þá einnig jörðina Dynjanda í Jökulfjörðum saman auk þess sem Gísli var eigandi Snæfjallastaðar. Árið 1801 eru fjórtán þar til heimilis á tveimur býlum. Jörðinni var svo skipt í þrennt á milli systkina um eða fyrir 1930. Á 3/5 hlutum jarðarinnar á Tyrðilmýri I bjuggu Elías Borgarsson og Elísabet Hreggviðsdóttir. Húsið á Tyrðilmýri I (Mýri) stendur enn uppi (2002), en þiljur og innveggir eru löngu horfnir. Grindin kom frá Noregi, en keypt hjá Ásgeirsverslun á Ísafirði. Rétt utan við gamla bæinn Tyrðilmýri I, sem enn stendur árið 2002, er stór steinn sem talinn er huldusteinn, einnig er þar huldukirkja nokkru utar og huldubátur rétt undan landi. Salbjörg Jóhannsdóttir (f. 1896) hefur sagt frá því að kona sem hún var hjá sem ung stúlka á Mýri hafi sagt sér að hún ætti huldukonu fyrir vinkonu og að þær aðstoðuðu hvor aðra eftir föngum. Huldukonan hafi m.a. haft gráa kind á fôðrum í fjárhúsinu á bænum. Eitt sinn fótbrotnaði hestur konunnar á Mýri utarlega á Ströndinni. Hún fór þá að steininum og bað huldukonuna um hjálp varðandi hestinn, ef hún mögulega gæti. Morguninn eftir var hesturinn kominn fótbrotinn heim í hlað, en mun hafa orðið jafngóður eftir. Allir báru að sögn Salbjargar traust til þessarar konu og báru henni vel söguna.

Í landi Tyrðilmýrar, aðeins utar á ströndinni, eru tóftir Hávarðsstaða, forns eyðibýlis. Þar er sagt að Hávarður Ísfirðingur hafi byggt sér bæ. Greinir frá því í Hávarðar sögu Ísfirðings að Hávarður hafi sagt við Ólaf son sinn hvert hann skyldi leita á flóttu undan Þorbirni, granna þeirra: "Út með firðinum hinum megin eru víða tóftir og vítt land það er engi maður á. Þar vil eg að við reisum okkur bústað og erum við þá nær frændum okkrum og vinum. Þetta taka þeir til ráðs, flytja þangað fé sitt allt og það góss er þeir eiga og gera þar hinn besta bústað. Heitir þar síðan á Hávarðsstöðum." (Íslendinga sögur, síðara bindi, s. 1305).

Á Tyrðilmýri II (Barði) bjuggu Halldór Borgarsson og Svava Guðmundsdóttir. Húsið stóð á barðinu fyrir ofan Mýrabæinn, en um 50 metrum

innar. Þetta hús var svipað og Björnshúsið í Bæjum. Þetta var timburhús, en efri veggur steiptur. Fyrirkomulag var þannig að eldavél var á sumrin í eldhúsi, en á vetrum var hún færð inn í iveruherbergið og sett við skorsteininn þeim megin. Ekki var önnur upphitun í þessum húsum. Svava dó 1944 og var ekki búíð í húsinu mikið eftir það. Voru tóftirnar jafnaðar við jörðu um 1960.

Á Tyrðilmýri III (Árbakka) bjuggu Jón Sigurðsson og Júlíana Borgarsdóttir. Árbakki var timburhús byggt um 1930, klætt að innan með panel. Á neðri hæðinni var stofa og eldhús, en svefnloft uppi. Skúr eða bíslag var við húsið eins og mörgum á þeirri tíð, þaðan var innangengt í fjós. Miðstöðvareldavél var í húsinu. Steinsteipt hlaða stóð við norðugafi hússins og stendur enn (2006). Íbúðarhluti hússins var rifinn á sjöunda áratugnum. Á milli íbúðarhússins á Árbakka og Mýrarár fannst kuml á fjórða áratugnum og skoðaði Matthías Þórðarson þjóðminjavörður það árið 1939. Þar voru tvær beinagrindur karla, en ekkert haugfé. Síðustu ábúendur á Tyrðilmýri voru Engilbert Ingvarsson og Kristín Daniélsdóttir er fluttu til Hólmavíkur 1987.



8. Æðey

Í Æðey hefur frá fornu fari verið stórbýli, enda miklar nytjar af fugli. Þar er talið að hafi orpið 24 tegundir fugla. Í Æðey gerðu Ari sýslumaður í Ögri og hans menn átján spænskum skipbrotsmönnum fyrirsat aðfaranótt 14. október árið 1615 og drápu þá alla. Spánverjarnir höfðu verið sakaðir um þjófnað á búpeningi og rán á skútu á Dynjanda og gerðir réttdræpir samkvæmt konungsúrskurði. Flestir munu hafa verið grýttir til bana við svokallað Gulanef í Æðey, aðrir skotnir á færi á Sandeyri og á sundi þar út af ströndinni.

Á seinni hluta 19. aldar var skyttunni Otúel Vagnssyni (1834-1901) á Berjadalsá stefnt fyrir sýslumann í Æðey fyrir æðarfugladráp. Rósinkar Árnason bóndi í Æðey stefndi Otúel sem var dæmdur til að greiða allháa sekt. Að föllum dómi segir Rósinkar við Otúel: "Skjóttu nú helvískur, ef þú þorir". Otúel lét ekki segja sér það tvisvar heldur lét skot ríða af sem grandaði sjö æðarkollum á einu bretti. Komst Otúel upp með athæfið því sýslumaður kvaðst vera vitni að því að Rósinkar bæði Otúel að skjóta.

Í Æðey voru 20 skráðir til heimilis árið 1703 og er þar þá tvíbýli. Talið er að bænhús hafi verið til forna í eynni. Systkinin Ásgeir Guðmundsson, Halldór og Sigríður voru húsbændur í Æðey um 1930 og lengi síðan. Stórt og veglegt íbúðarhúsið var byggt 1863-64. Það stendur enn, að mestu með óbreyttri herbergjaskipun síðustu áratugina, en viðbygging er nú komin við húsið. Æðeyjarsystkini seldu jörðina 1961 og tóku þá við búi í Æðey Helgi Þórarinsson frá Látrum í Mjóafirði og Guðrún Lárusdóttir, dóttir Guðjónu Guðmundsdóttur frá Æðey. Jónas, sonur þeirra Helga og Guðrúnar tók við búinu 1979 ásamt konu sinni Katrínu Alexíusdóttur. Jónas lést árið 2011 og hafa synir þeirra Jónasar og Katrínar tekið við og haft dvöl í Æðey á sumrin og séð um dúntekjuna ásamt móður sinni.

Í Jarðabókinni 1703 er sagt frá því að mönnum þyki líklegt að bær muni hafa staðið í svonefndu Norðurtúni í Æðey. Þar voru þá tóftarrústir og túngarðsleifar. Girðingar með viðlíka formi gangi vestur frá túninu, sem einnig var talið að væru leifar fornrar byggðar. Norðan við íbúðarhúsið í Æðey er Mylluhóll. Þar var kornmylla er fauk árið 1941. Syðst á Æðey

er Klettshóll þar sem reistur var viti árið 1949. Í norðurhluta eyjarinnar er svonefnt Kaplanes þar sem gerð var bryggja árið 1971. Þaðan er um kílómetersläng leið að bænum. Í sundinu á milli Æðeyjar og lands er Djúphólmi sem áður fyrr var nytjaður til heyskapar. Svokallað Bergsel er í landi Æðeyjar utan Hávarðsstaða. Þar var sel Æðeyjarbænda lengi. Í Jarðabókinni er þar nefnt Mánaberg og sagt að þar hafi verið byggð í fyrndinni, en þess sáust þó lítil merki árið 1703.

Svonefnt Jónasarhús var reist í Æðey 1878 og stendur enn, með litlum breytingum. Hús þetta var upphaflega byggt við saltvinnsluna í Reykjanesi laust fyrir 1790. Það er hæð og ris með skarsúð. Rósinkar Árnason keypti húsið eftir að það hafði staðið lengi autt og reisti það í Æðey, þegar fjölskylda hans varð skyndilega húsnæðislaus. Jónas Jónasson og Elísabet Guðmundsdóttir bjuggu í húsinu til 1936 er þau fluttu til Reykjavíkur. Síðan hefur húsið verið notað sem geymsla.



9. Hlíðarhús

Við Innra-Skarðsá, eða Skarká, eru tóftir bæjarins á Hlíðarhúsum. Í *Jarðabókinni* er greint frá tóftum annars bæjar, Garða, og er sagt að munnmæli hermi að þar hafi verið kirkja og séu þar skammt frá svokallaðir Kirkjusteinar og Kirkjutungur. Talið er að snjóflóð hafi tekið þann bæ sem þarna var, sem hefur verið innar en Hlíðarhúsabærinn. Þar gengur í sjó fram svokölluð Garðabryggja.

Innra-Skarðsá fellur fram af hömrum ofan við bæinn og er þar Möngufoss sem kenndur er við Galdra-Möngu, sem mun hafa verið Margrét Þórðardóttir, prestsfrú á Snæfjöllum, er var sýknuð af göldrum á Þingvöllum 1662 og bjó síðustu æviárin á Lónseyri. Á Hlíðarhúsum bjuggu síðast Egill Jónsson og Guðrún Jónsdóttir. Egill flutti með sitt fólk að Kambsnesi í Súðavíkurbreppi sumarið 1932. Öll hús voru þá orðin léleg. Þarna var torfbær með einu risi og stóð húsið nokkru fyrir innan ána, rétt fyrir neðan brúna. Áður fyrr, og fram yfir aldamót, voru þrír til fjórir bæir eða tómthús á Hlíðarhúsum, en enginn bjó þar eftir þetta. Æðeyjarbræður heyjuðu nokkur sumur á Hlíðarhúsum eftir að búskapur lagðist þar af, enda tilheyra Hlíðarhúsin Æðeyjareigninni.



10. Skarð

Á Skarði voru 15 til heimilis árið 1703 og níu manns á tveimur bæjum árið 1801. Jörðin tilheyrði Snæfjallaeigninni. Þekktastur ábúenda á Skarði er eflaust Bjarni Jónsson, alþýðufræðimaður er þar bjó á 17. öld og skrifaði átján sinnum upp Jónsbók fyrir sveitunga sína auk rímna, fornaldarsagna og annarra bóka er hann myndskreytti margar í stíl Guðbrandsbiblíu. Bjarni bjó einnig um skeið á Tyrðilmýri.

Ábúendur á Skarði upp úr 1930 voru Jakob Kolbeinsson og Símonía Sigurðardóttir. Nokkuð fram yfir aldamótin 1900 voru nokkrir bæir við Ytra-Skarð, á Hóltúni og Naustavík. Í Naustavík lést skyttan Otúel Vagnsson þann 14. september árið 1901. Á fjórða áratugnum voru þessir bæir komnir í eyði og sáust aðeins tóftarbrotin. Á Skarði var torfbær með tréstaflþili og skúr með risi að utanverðu. Jakob Kolbeinsson flutti til Ísafjarðar 1938. Bændur af Innströndinni heyjuðu Skarðstúnið nokkur sumur eftir það. Bærinn á Skarði fór í snjóflóði, 1942 eða 1943.



11. Sandeyri

Á Sandeyri var stórbýli lengi. Þar voru 26 heimilisfastir 1703 og 1801 bjuggu þar 19 manns á þremur bæjum. Á Sandeyri var háð svonefnt "Sandeyrarlag" 14. október árið 1615 þegar Spánverjar voru eltir uppi og drepnir. Spánverjar höfðu áður dregið á land nokkra hvali á Sandeyri og komið þar upp vísi að hvalveiðistöð. Jón Guðmundsson lærði tók upp varnir fyrir Spánverjana er voru drepnir í Æðey og á Sandeyri haustið 1615. Hann hafði kynnst Spánverjunum, sem voru raunar bæði spænskir og franskir Baskar, í Trékyllisvík á Ströndum og bar þeim vel söguna. Hann gaf út ritið *Sanna frásögu af spanskra manna skipbrotum og slagi* þar sem hans lýsir andúð sinni á verknaði Ara sýslumanns í Ögri og hans manna. Jón uppskar ævilanga útskúfun embættis-mannavaldsins fyrir vikið og var á hrakningi upp frá því.

Á fyrstu tugum 20. aldar bjuggu Tómas Sigurðsson og Elísabet Kolbeinsdóttir á Sandeyri stóru búi og löngum var þar útræði, stundum fleiri en einn bátur. Steinsteipt hús var byggt á Sandeyri 1908 og stendur það enn. Nú er hafin viðgerð á húsinu en þar var um tíma slysavarnarskýli. Sandeyrarhúsið er tvær hæðir, klætt með panel að innan. Vatnsaflsrafstöð frá Bræðrunum Ormsson hf. var sett þarna upp 1929. Fínar ljósakrónur voru í loftum og rafmagnseldavél, sem ekki var þó alltaf hægt að nota þegar vatnsrennsli var lítið. Tómas flutti frá Sandeyri 1943, en síðasti ábúandi þar var Jóhann Kristjánsson. Hann flutti í burtu 1952. 2017 var hafist handa við að gera við húsið á Sandeyri.



12. Bjarnabær

Í landi Sandeyrar út við Berjadalsá var býli sem kallað var Bjarnabær, en seinni árin líka Halldórslóð. Þarna voru framundir miðja síðustu öld nokkuð heildstæðar tóftir uppi á bakkanum og dálítið tún. Trébrú var á ánni ofar túnveggnum og hlaðinn vegur var lagður þarna á kafla um 1940 á vegum hreppsins. Halldór Ólafsson og Ólöf Fertramsdóttir bjuggu þarna síðast, en fluttu til Ísafjarðar rétt fyrir 1930.

13. Berjadalsá/Bjarnahús

Á Berjadalsá bjó hin nafntogaða skytta Otúel Vagnsson skömmu fyrir aldamótin 1900. Betúel Friðriksson og Friðrika Jónsdóttir Búsk bjuggu í litlu timburhúsi við Berjadalsá. Þar er komið í Snæfjallaland. Áður fyrr og fram á tuttugustu öldina voru ein sjö hús á svæðinu frá Berjadalsá að Íralæk. En þetta var eina húsið uppistandandi í upphafi fjórða áratugarins, enda voru þetta allt lítil torfhús, yfirleitt með trégaffli, bísalagi og smágeymslu við innganginn. Betúel hafði geitur til mjólkurnytja, en geitur voru hvergi annarsstaðar í hreppnum. Betúel flutti til Ísafjarðar um 1940 og bærinn var rifinn fljótlega eftir það.

Bjarni Jónsson og Þórdís Arnórsdóttir bjuggu fram yfir 1930 á Leitinu í litlum torfbæ, Bjarnahúsi, sem einnig var nefnt Gestshús, nokkurn spöl fyrir innan Snæfjallabæinn. Húsið var með timburgaffli, en veggir og þekja úr torfi. Bjarni reri lengi einn á lítilli skektu, aldraður orðinn. Þórdís var orðin blind síðustu árin, en hífði þó upp bát bónda síns með gangspili sem var uppi á bakkanum.

14. Snæfjöll

Landnámsmaðurinn Þórólfur fasthaldi, sem nam land frá Sandeyrará og inn í Hrafnfjörð í Jökulfjörðum, bjó að Snæfjöllum samkvæmt Landnámu.

Í *Afsögu Jóns Ólafssonar Indíafara* frá Álftafirði við Djúp er frásögn um draug á Snæfjöllum veturinn 1611-12. Sonur séra Jóns Bjarnasonar, prests á Stað, og smali á bænum munu báðir hafa haft hug til sömu griðkonu. Prestur skipaði syni sínum að sækja fé í ógöngur sem smalinn hafði neitad að gera. Prestssonur hrapaði til bana og gekk aftur og ásótti griðkonuna og smalann en gerði líka aðsúg að ferðamönnum með grjótkasti og drap fé prests og át fisk úr hjalli hans ásamt því að brjóta rúður. Hann gerði þeim ekki mein sem gáfu honum af mat sínum. Óvíst er hinsvegar hvort smalinn og griðkonan hafi nokkurn tíma verið til. Í *Þjóðsögum Jóns Árnasonar* eru þau ekki nefnd, en sonur prests hinsvegar nafngreindur sem Bjarni Jónsson og sagt að hann hafi hrapað til bana í Drangsvík, utan við bæinn. Í lok 19. aldar kom aftur upp kvíksaga um draugagang á Snæfjöllum. Í *Þjóðsögum Ólafs Davíðssonar*, 2. bindi, segir að draugurinn hafi drafnað sundur og orðið að maurildi ef komið var við hann, en ávallt skriðið saman aftur. Prestur sendi drauginn fjölkunnugum starfsbróður sínum austur á landi sem sendi hann rակleiðis til baka og var draugnum svo fyrirkomíð með aðstoð Galdra-Leifa og Jóns Guðmundssonar lærða, sem orti *Fjandafælu* og *Snjáfjallavísur hinar síðari* til höfuðs draugnum.

Jón Guðmundsson lærði (1574-1658) var alþýðufræðimaður er þótti vita lengra nefi sínu, lærði að lesa á fornar kaþólskar bækur og vann að handritauppskriftum á yngri árum. Hann var listhagur, var auknefndur málari og tannsmíður, því hann skar út hvaltennur. Hann fékkst og við lækningar og jurtasöfnun og var annálaður galdramaður. Snjáfjallavísurnar eru mjög fágætar og eru nú aðeins til í íslenska handritasafninu í Stokkhólmi nr. 17, 8vo, í kveri skrifuðu um 1660. Upphaf þeirra hljóðar svo:

*Far niður, fýla,
fjandans limur og grýla;
skal þig jörð skýla,
en skeytin aursíla;*

*Þú skalt eymdir ýla
og ofan eptir stíla
vesall, snauður víla;
þig villi óheilla brýla.*

Snjáfjallavísur hinar síðari hafa þótt rammasta særingakvæði sem ort hefur verið á íslenska tungu.

Á Snæfjöllum bjuggu sautján manns árið 1703 og 1801 voru þar í heimili fjórtán sálir á tveimur bæjum. Þar var lengi kirkja, svonefnd Staðarkirkja á Snæfjöllum, er stóð rétt utan til við bæinn. Hún var lögð niður á Stað árið 1867 en sést enn móta fyrir kirkjugarðinum og er þar nú skilti um staðinn. Sóknarkirkjan var eftir það í Unaðsdal. Síðasti prestur á Stað var séra Hjalti Þorláksson (d. 1876). Í fjörunni neðan við Snæfjallabæinn var steinn sem kallaðist Bæjarhaus. Í Vestfirskum sögnum er sagt frá því þegar skyttan Otúel Vagnsson dauðrotaði máv sem sat á þessum steini af 100 faðma færi frá bænum. Þetta mun hafa verið um 1870. Á Snæfjöllum bjuggu til 1948 Rósinkar Kolbeinsson og Jakobína Rósinkara Gísladóttir. Bærinn á Snæfjöllum var timburhús með járnþaki og tveimur kvistum. Hann var því nokkuð reisulegur að sjá, en nokkuð gamall orðinn um 1930. Torfveggur var í veggjahæð að ofanverðu, eins og víða var gert til að mynda gott skjól fyrir norðanáttinni.

Í *Jarðabókinni* er talað um eyðibýlið Snæfjallaeyrar í landi Snæfjalla- staðar, tvo til þrjá kílómetra fyrir utan Snæfjallastað, sem hafði verið notað sem verbúð um aldamótin 1700. Í seinni tíð hefur eyðibýlið verið nefnt Búðareyri. Helgi Jónsson byggði timburhús niður við sjóinn á Snæfjöllum um aldamótin 1900. Hann bjó þar ekki nema um tíu ár, en eftir það var húsið notað fyrir skóla. Þetta hús stóð fram á áttunda áratug- inn. Í því var barnakennsla til 1932 eða svo. Var þá kennt einnig hluta af vetrinum inni á Strönd og í Unaðsdal var kennt nokkra vetur áður en kennsla byrjaði á Lyngholti 1936.

Kristjana Helgadottir frá Skarði í Skötufirði var síðasti kennarinn á Snæfjöllum. Síðustu árin sem Rósinkar bjó á Snæfjöllum var hann í skólahúsinu. Hann flutti í Hnífsdal 1948 og fóru Snæfjöll þá í eyði.

15. Gullhúsá/Berurjóður/Ólafsbúð

Gullhúsá nefndist lágrestur torfbær innan við samnefndan læk. Marías Jakobsson og Guðrún Jónsdóttir bjuggu þar fram á fimmta áratug 20. aldar. Gullhúsá var hjáleiga frá Snæfjallastað. Þetta hús var eitt herbergi með moldargólfi. Eldavélin var norðan til og tvö rúmstæði við hvorn vegg. Timburgafl með glugga í suðurenda og þar var matborðið. Skúr með inngangi var að utanverðu og þar hefur verið geymsla. Fjánhúskofi var fyrir ofan bæinn.

Ysti bærinn á Snæfjallaströnd stendur við Gullhúsá og kallast Berurjóður, en var einnig nefndur Hafliðabær. Þar voru síðustu húsbændur Hafliði Gunnarsson sem lést 1936 og María Pálmadóttir ásamt Halldóru, dóttur Hafliða og Ingibjargar Jónsdóttur, konu hans sem dó 1906. Þarna var timburhús, tvær hæðir með jarnþaki. Á neðri hæðinni var geymsla, en uppi baðstofa og þar var eldað. Fjánhúsin voru dálítið ofar. Halldóra flutti í burtu 1943 og fór þá Berurjóður í eyði.

Gísli J. Gíslason og Guðmundína Ingimundardóttir bjuggu í húsi sem áður var verbúð eða tómthúsbyli Ólafs Gíslasonar og var kallað Ólafsbúð. Þetta hús var á kambinum fyrir neðan hjallann þar sem Maríasarhús stóð. Þetta hús mun hafa verið torfbær með trégaflí eins og önnur hús sem þarna stóðu fram á fjórða tug aldarinnar. Fjánhúskofi sem þau áttu út við ána fór í snjóflóði veturinn 1931 og slapp Guðmundína naumlega. Gísli og Guðmundína fluttu á Ísafjörð 1933.



16-17. Naust/Nes

Á Nesi Grunnavíkursveit var bænhús til forna og í upphafi átjándu aldar stóð þar skemma sem kölluð var bænhús. 1703 voru tólf skráðir til heimilis að Nesi. Eigandi er þá Sæmundur Magnússon á Hóli í Bolungarvík. Hann átti þá einnig Reykjarfjörð á Ströndum. 1801 eru heimilisfastir fjórtán á þremur bæjum í Nesi. Þar mun oftast hafa verið tvíbýlt og þá talað um Naust eða Ytra-Nes, og Innra-Nes. Síðustu ábúendur á Naus-tum voru börn Elíasar Halldórssonar og Engilráðar Jónsdóttur, en þau fluttu í burtu árið 1954. Samtímis þeim bjó á Innra-Nesi Kristján Jónsson ásamt fjölskyldu sinni. Hann byggði reisulegan bæ árið 1910 með þremur burstum og timburpiljum. Kristján var aflasæll formaður og átti tvö stór áraskip ásamt móður sinni, Jónínu Þóru Jónsdóttur á Sútarabúðum. Hann varð fyrstur til að setja vél í bát sinn í Grunnavík, skömmu eftir aldamótin 1900. Fjölskylda Kristjáns bjó á Nesi fram á fimmta áratug 20. aldar. Síðustu ábúendur á Nesi voru Grímur Finnbogason og Guðrún systir hans er fluttu þangað frá Höfðaströnd og bjuggu á Nesi til 1962 er síðasta fólkið yfirgaf Grunnavík. Ofan við Nes liggur leiðin á Snæfjallaheiði.



18. Sútarabúðir

Sútarabúðir, sem fyrrum voru einnig nefndar Svörtubúðir eða Búðir, eru í Vilkinsmáldaga um 1397 taldar eign Staðarkirkju, en árið 1703 eru Sútarabúðir hjáleiga Kerlingarstaða og lengi síðan. Þar voru sagðar fornar tóftarrústir í Jarðabókinni, en sagt er að skömmu fyrir aldamótin 1700 hafi bær verið settur á þessar tóftir, sem talinn hafi verið fjórðungur af jörð Kerlingarstaða. Fjórir eru skráðir til heimilis á Sútarabúðum bæði 1703 og 1801.

Friðbjörn Helgason keypti Sútarabúðir árið 1914 og bjó þar til 1946 ásamt seinni konu sinni Solveigu Pálsdóttur frá Höfða. Friðbjörn var einn af forvígismönnum vegagerðar í Grunnavík á fjórða áratug aldarinnar. Jakob Hagalínsson og Sigríður Tómasdóttir keyptu Sútarabúðir árið 1947. Jakob átti trillu ásamt bróður sínum, Ragúel í Sætúni. Jakob og Sigríður bjuggu í Sútarabúðum til 1962 er byggð lagðist af í Grunnavík. Í íbúðarhúsinu á Sútarabúðum er nú rekin ferðapjónusta á sumrum.

19. Sætún

Í manntalinu 1816 eru sex til heimilis á Sætúni og er það sýnilega nýbýli þá. Sætún var um tíma eina hjáleiga Staðar, en séra Kjartan Kjartansson á Stað, sem byggði fyrsta steinsteypa húsið í Grunnavíkursveit í Sætúni árið 1906, sótti um að fá að selja landspildu af Sætúni ári síðar. Þá voru víxillán vegna hússins að falla á þá sem upp á skrifuðu. Það endaði með því að verslunin á Ísafirði sem selt hafði efni í húsið sendi menn til Grunnavíkur að rífa úr því þiljur sem ekki fengust greiddar. Séra Jónmundur Halldórsson sem tók við á Stað lét svo þilja húsið að nýju og var þar skóli í hans tíð og var húsið þá kallað Steinhúsið. Hallgrímur Jónsson flutti með fjölskyldu sína frá Dynjanda í Steinhúsið í Sætúni árið 1952. Hagalín Jakobsson, sem búið hafði um hríð í Steinhúsinu, byggði þá forskalað timburhús norðan við það og nefndi Sætún II, eða Efra-Sætún. Hallgrímur keypti sér jeppa og byggði sér bílskúr í Sætúni þrátt fyrir að vegarspottinn væri ekki langur og ljóst orðið að hann yrði ekki mikið lengri. Hann reyndi einnig fyrir sér með fiskverkun í Sætúni og keypti fisk af bátum er gerðu út frá Grunnavík, en þróunin var byggðinni andstæð. Hallgrímur og fjölskylda voru með síðustu ábúendum í Grunnavík og fluttu til Ísafjarðar í nóvember 1962.

20. Kerlingarstaðir/Oddsflöt

Kerlingarstaða er fyrst getið, eftir því sem næst verður komist, í Gíslamáldaga um 1570, og er landið þá eign Staðarkirkju og var það lengi síðan. Á Kerlingarstöðum voru skráðir fjórtán heimilismenn árið 1703 og eru þeir ellefu árið 1801 á tveimur bæjum. Býlið fékk heitið Oddsflöt á síðari hluta 19. aldar.

Í Hlaðsteini, stórum steini ofan og framan við húsið á Oddsflöt, segir Guðfinna Ingibjörg Guðjónsdóttir er þar ólst upp, að sést hafi huldufólk. Á Oddsflöt stóð síðasti torfbærinn í Grunnavíkurbreppi sem búið var í. Guðmundur Pálsson frá Höfða og Elísa G. Einarsdóttir frá Dynjanda voru með síðustu ábúendum á Oddsflöt. Þau fluttu til Ísafjarðar 1942 eftir að hafa verið synjað um leyfi til að byggja sér nýtt hús við sjóinn í Grunnavík. Jóhann Jakob Jóhannsson frá Faxastöðum bjó eftir það á Oddsflöt í fimm ár og var síðasti ábúandi þar. Ragúel Hagalínsson keypti þá jörðina, sléttaði yfir gamla Kerlingarstaðahólinn og nýtti viðinn úr bænum í hlöðu á Sætúni. Ragúel var með síðustu ábúendum í Grunnavík sem fluttu burt í nóvember árið 1962. Í ofsaveðri veturinn 1973 fuku hús Ragúels.





21. Staður í Grunnavík

Staður í Grunnavík er kirkjufjörð frá gamalli tíð og er kirkjan helguð Maríu mey. Hafa sjómenn í gegnum tíðina heitið á Maríuhorn, þar sem getur verið sviptivindasamt og hafa áheitin gengið til Maríukirkju í Grunnavík. Í Þjóðminjasafninu er varðveitt Maríulíkneski frá Grunnavík sem talið er vera frá 15. öld. Í Vilkinsmáldaga stendur að kirkjan í Grunnavík eigi eitt lambselði á hverjum bæ en tvö þar sem tvíbýlt er. Skuli menn taka lömb staðarins heim til sín á vetrum en skila þeim staðnum á sumri. Þessi kvöð hélst lengi og sér hennar stað í vísitasíum Brynjólfs biskups Sveinsoanr 1643 og Jóns biskups Vídalíns árið 1700. Segir í Eyrarannál Magnúsar sýslumanns Magnússonar að Jón biskup Vídalín hafi "afskikkað Maríulömb, er Grunnavíkurkirkja hafði hjá hverjum búandi manni í allri sókninni."

Á Stað voru 24 til heimilis árið 1703 og 13 árið 1801. Í Jarðabókinni eru tilgreind tvö eyðiból í landi Staða, Miðhús og Skálatún. Í upphafi 18. aldar voru þar aðeins tóftarústir og túngarðar og hafði sýnilega ekki verið byggð þar í manna minnum. Stað hafa setið margir mætir klerkar eins og Pantaleon Ólafsson á 16. öld, sem Pontagil og Pontapartur, örnefni í landi Staðar, heita eftir. Kjartan Kjartansson tók við sem prestur af Pétri Maack sem fórst með bát á leið frá Ísafirði haustið 1892. Kjartan reisti íbúðarhúsið í Sætúni og var talinn fyrirmynd að Jóni Þrímusi í Kristnihaldi Halldórs Laxness. Jónmundur Halldórsson tók svo við af Kjartani árið 1918 og var prestur á Stað til 1954 er hann lét af embætti fyrir aldurs

sakir, síðastur klerka í Grunnavík. Séra Jónmundur lét sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Hann skrifaði dagbók sem lýsir kannski hvað best lífi hans og starfi í Grunnavík sem var enginn dans á rósum. Brot úr dagbókinni dag einn haustið 1930:

4. október. Foraðsveður um nóttina og morguninn. Stytti upp úr hádegi. Bundum 20 hesta á Nesjum. Hjó og saltaði 6 hrútsskrokka. Smíðaði flór fyrir Marías á Faxastöðum. Setti járnror og maskínu í kjallarann. Smíðaði tvo hlemma. Fór tvær ferðir í Sætún. ... Hríðarveður (í aðsigi) á Austurlandi. ... Vagn í Furufirði fór vestur að sækja fjárbát, svo tilgangslaust er að fara norður á morgun. Þarf að hjálpa Valda gamla.

Séra Jónmundur jarðsöng þá menn sem fórust við leit að Sumarliða pósti Brandssyni er hvarf fram af hengibrún við Vébjarnarnúp rétt fyrir jólin 1920. Sumarliði hafði haldið frá Stað í Grunnavík á Snæfjallaheiði í tvísýnu veðri. Á meðan séra Jónmundur jarðsöng mennina brunnu hús hans. Eftir eldsvoðann var bæjarstæðið flutt og ný hús reist á Stað 1921-22. Staðarheiði liggur undir hlíðum Seljafjalls um svokallaðar Tíðagötur yfir á Höfðaströnd. Önnur leið er norður yfir Kollsárheiði þar sem komið er að bænum Kollsá.



22. Faxastaðir

Faxastaðir voru í eigu Staðar í Grunnavík. Þar voru átta heimilisfastir árið 1703 en sjö árið 1801. Hallgrímur Jónsson frá Dynjanda fékk Faxastaði til ræktunar árið 1952 og lét slétta þar tún með jarðýtu sem keypt var á Ísafirði. Ekki fékkst þó skurðgrafa og ræktun takmarkaðist við þurrlendi. Í Vestfirzstum sögnum segir m.a. frá Faxa, skipverja Hrafna-Flóka, sem hraktist sekur maður norður í Grunnavík og settist að á Faxastöðum og hlóð garð um túnið með miklum björgum sem á einskis manns færi er að hreyfa við. Löngu síðar bjó annar maður rammur að afli á Faxastöðum er Einar Bjarnason hét. Hann varð fyrir ásóknum framliðins manns er kallaður var Bjarni paufi. Sá hafði keppt við Einar í aflraunum í lifanda lífi en ekki haft erindi sem erfiði og hefndi sín dauður. Séra Einar Vernharðsson á Stað var fenginn til að kveða drauginn niður, en reimleikaslæðingur þótti löngum á Faxastöðum. Síðasti ábúandi á Faxastöðum var Jakob Jóhannsson sem keypti bæinn fyrir 250 krónur á uppboði árið 1946. Hann bjó þar aðeins í nokkur ár, flutti þá að Oddsflöt og nýtti viðina úr bænum.

23. Staðareyrar

Undir Staðarhlíðum miðjum voru nokkrar þurrabúðir á 19. öld og fram á þá 20. Þar eru allmargar tóftir. Um aldamótin 1900 fór þurrabúðabyggð ört stækkandi í og við Grunnavík eins og á utanverðri Snæfjallströnd. Þurrabúðirnar fóru fljótlega í eyði eftir að vélbátaútgerð hófst. Um aldamótin 1800 hafði bættist í hóp nýbýla í Grunnavík. Árið 1801 eru tilgreindir sjö til heimilis á Bjarnarhóli og fimm á Eyjólfs-hóli í Grunnavíkursveit. Bjarnarhóll mun hafa verið Staðarmegin árinna gegnt Faxastöðum, en Eyjólfs- hóll innan girðingar á Stað, framan við bæinn. Býli þessi virðast bæði nýbýli í upphafi nítjándu aldar, en þar hefur byggð jafnframt lagst af snemma þar sem bæjanöfnin koma ekki fram í manntali 1816. Hjáleigan Hjallatún er nefnd í Jarðatali Johnsens og var sögð nýbyggð árið 1805. Kumlá bættist við síðar.



24. Kollsá

Sagnir herma að landnámsmaðurinn Kollur hafi numið land á Kollsá. Önnur skýring er sú að nafnið sé dregið af kolskóg er þar hafi verið. Kollur landnámsmaður á að hafa átt Hildi sem sagt er að sé heygð í svonefndum Hildarhaug, tindinum sem hæst ber á Seljafjalli. Þar eiga að vera gersemar grafnar í kistu. Hermir sagan að tilraunir til grafa upp kistuna hafi mistekist og í síðasta sinn sem það hafi verið reynt hafi nánast verið búið að ná kistunni upp. Þá hafi einn mannanna sagt að kistan skyldi upp hvort sem Guð vildi það eða ekki. Þá hafi kistan hrapað niður í gröfina aftur og orðið manni að bana. Hinsvegar hafi hringurinn úr kistunni orðið eftir og sé það sami hringur og er nú á kirkjuhurðinni á Stað.

Á Kollsá eru taldir fimm til heimilis árið 1703, en jarðarinnar er fyrst getið á 17. öld. Þar eru litlar landnytjar, en stutt á fiskimið. Í *Jarðabókinni* segir að jörðin hafi legið í eyði frá því bólusóttin herjaði. Ljóst er að sú auðn hefur varað nokkurn tíma því enginn er þar skráður árið 1801. Árið 1845 eru þar hinsvegar skráðir sex til heimilis. Ofan við túnið á Kollsá liggur sniðgata upp með Kollsárgili og á Höfðastrandaheiði. Stutt er á milli Kollsár og Höfðastrandar um þýfðan marbakka neðan við kletta-hjalla er nefnast Katlar. Í Kötlnum var talið að byggi huldufólk. Ragnheiður Jónsdóttir, ljósmóðir á Neðribæ á Höfðaströnd, kveðst eitt sinn hafa veitt huldukonu er bjó í Kötlnum hjálpið í barnsnauð. Kollsá fór í eyði 1957.

25. Höfðaströnd

Á Höfðaströnd voru ellefu heimilismenn árið 1703, þeirra á meðal Ólafur Árnason, lögréttumaður. Árið 1801 bjuggu þar níu manns á tveimur býlum. Í Jarðabókinni segir að bænhús hafi verið til forna á Höfðaströnd, en það sé fyrir minni manna í upphafi 18. aldar.

Efst og yst í túninu á Höfðaströnd eru miklar tóftir sem kallast Beinrófa. Sagt er að þar hafi hinn forni Höfðastrandarbær staðið, en verið yfirgefinn er upp kom taugaveiki. Ekki hefur þar verið grafið af ótta við sóttkveikjur, en talið er mögulegt að þar séu undir sverði öll búsgögn þess tíma.

Tíðagötur liggja frá hjöllunum ofan við Höfðaströnd á Staðarheiði. Á síðustu árum byggðar í Grunnavíkurbreppi var þríbýli á Höfðaströnd og hétu bæirnir Neðribær, Hærribær og Steinhólar. Hærribær stóð efst og innst bæjanna. Í Neðrabæ, sem enn stendur við sjóinn, bjuggu Ragnheiður Jónsdóttir ljósmóðir og Guðbjartur Kristjánsson. Hús þeirra hefur nú verið gert upp. Neðan við bæinn er lendingin sem kölluð er Vör. Síðustu ábúendur í Neðrabæ voru Grímur Finnbogason og Guðrún Finnbogadóttir. Steinhólar voru ysti bærin, þar var fyrst býli á 20. öld. Ofan við Höfðaströnd gnæfa Hrafnabjörg. Auðgengið er þar upp og er þaðan gott útsýni. Í *Vestfirzjum þjóðsögum* segir frá því að draugurinn Mópeys hafi gert vart við sig á Höfðaströnd. Mópeys er list svo að hann hafi verið unglingspiltur á mórauðri peysu með skinnsko á öðrum fæti og stígvél á hinni. Hann hafi orðið úti og gangi síðan aftur og fylgi fólki af tilteknum bæjum á Hornströndum og Jökulfjörðum með skráveifum og spellvirkjum.



26. Höfði

Á Höfða voru tíu manns í heimili árið 1703 og hafði þeim fjölgað um einn árið 1801 og var þá tvíbýli á Höfða. Í Jarðabókinni er kirkjujörðin Staður tilgreind sem eigandi jarðarinnar. Bærinn á Höfða stendur við vík sem nefnist Höfðabót. Í víkinni er drangur sem kallast Sólarlagssteinn og ber sólarlagið við hann um haustjafndægur séð frá bænum. Innanvið túnið rennur Bæjará til sjávar, en hún á upptök sín á Hesti, þaðan sem útsýni er gott yfir suðurhluta Jökulfjarða. Skammt frá Bæjará er svonefndur Sorgarhylur í Urriðalæk. Þar er sagt að ungt barn hafi drukknað er það leitaði móður sinnar sem var að reka fé í stekk. Ofan við lækinn er Gvendarbrunnur sem fraus aldrei, að sögn Rebekku Pálsdóttur er ólst upp á Höfða, en bjó síðar á Dynjanda og á Bæjum á Snæfjallaströnd. Rebekka var dóttir Páls Halldórssonar og Steinunnar Jóhannsdóttur er bjuggu á Höfða á fyrrirhluta aldarinnar, en þar áður á Bæjum á Snæfjallaströnd. Afkomendur þeirra voru síðustu ábúendur á Höfða er fór í eyði 1956.



27. Flæðareyri

Austan Höfða í mynni Leirufjarðar er Flæðareyri þar sem byggt var samkomuhúsið ungmennafélagsins Glaðs á fjórða áratugnum. Halldór B. Halldórsson á Ísafirði átti um það leyti Höfða og gaf bæði land og sement til byggingar hússins, en bændur í Grunnavíkurbhreppi gáfu hver andvirði lambs til að standa undir öðrum kostnaði. Fólki kom gangandi yfir Dalsheiði á fjórða áratugnum til að fara á dansleiki á Flæðareyri og gisti þá gjarnan í hlöðunni á Höfða.



28. Dynjandi

Á Dynjanda var enn bænhús í upphafi 18. aldar samkvæmt *Jarðabókinni*, en sagt er að tíðir hafi ekki verið þar veittar í hálfu öld eða lengur. Á Dynjanda eru ellefu heimilismenn árið 1703 og einum fleiri árið 1801, en þá er þrjú á jörðinni. Eigendur árið 1703 eru þeir bræður Sr. Gísli Hannesson á Snæfjöllum og Benedikt Hannesson á Hóli í Bolungarvík. Þeir bræður áttu þá einnig Tyrðilmýri á Snæfjallaströnd saman auk þess sem Gísli var eigandi Snæfjallastaðar.

Á Fremri bænum á Dynjanda reistu Benedikt Benediktsson og Rósa Elíasdóttir fyrsta timburhúsið í Grunnavíkurbænum árið 1906. Þau ráku um tíma útibú Ásgeirsverslunar niðri við sjóinn undan Dynjanda. Samtímis þeim á Neðri bænum bjuggu Einar Bæringsson og Engilráð, systir Benedikts. Synir þeirra, Alexander og Jóhannes voru síðustu ábúendur á Neðri bænum, en þaðan fluttu þeir ásamt fjölskyldum sínum árið 1948. Jóhannes og kona hans, Rebekka Pálsdóttir frá Höfða, fluttu að Bæjum á Snæfjallaströnd.

Síðustu ábúendur á Dynjanda voru Hallgrímur Jónsson og Kristín Benediksdóttir, dóttir Benedikts, sem var ljósmóðir í Grunnavíkurbænum óslitið frá 1922-1962. Þau fluttu að Sætúni í Grunnavík vorið 1952 þar sem þau bjuggu í tíu ár og voru meðal þeirra sem síðastir fluttu þaðan. Hallgrímur ritaði bókina *Saga stríðs og starfa um líf þeirra Kristínar í Grunnavíkursveit í rúma hálfu öld*.

Fornt eyðiból er tilgreint innan lands Dynjanda í *Jarðabókinni*, Öldugil í botni Leirufjarðar. Er ætlað að þar hafi byggð lagst af á fimmtánda öld eða þar um bil í jökulhlaupi og vatnagangi.

